



STOFNUN
ÁRSINS
2017





STOFNUN ÁRSINS 2017

Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins“ var með sambærilegu sniði í ár og fyrri ár og er fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við SFR um könnunina.

Stofnun ársins 2017 var valin með þeim hætti að spurningalisti var lagður fyrir starfsfólk um 200 stofnana þar sem það var innt eftir mati á innra starfsumhverfi stofnunar sinnar. Mælingin náði til níu mismunandi þátta í starfsumhverfi stofnana, en með því að láta mælinguna ná til margra þátta fæst heilsteyp mynd af innra starfsumhverfi þeirra.

Þáttgreining (factor analysis) var notuð til að greina undirliggjandi þætti. Í þáttgreiningunni komu í meginráttum fram níu þættir: Stjórnun, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt, starfsandi og janfrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttgreiningunni (sjá töflu 1).

Tafla 1: vægi þátta í heildareinkunn

Stjórnun	15%
Starfsandi	12%
Launakjör	10%
Vinnuskilyrði	12%
Sveigjanleiki vinnu	9%
Sjálfstæði í starfi	8%
Ímynd stofnunar	10%
Ánægja og stolt	11%
Janfrétti	13%

Heildarfjöldi stofnana sem komst á blað nú var 148 en var 142 fyrir ári.

Alls fengust svör frá ríflega 11.000 starfsmönnum og var svarhlutfall nærri 55%. Ef litið er eingöngu til SFR félaga er svarhlutfallið 50%.

Að baki valinu á Stofnun ársins eru niðurstöður stofnana sem uppfylla skilyrði um svörun og byggir sá hluti á tæplega 10.400 svörum. Til að stofnun nái inn á listann þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35%. Þá þurfa að lágmarki að berast fimm svör frá stofnunum með 5-19 starfsmenn, að lágmarki 6 svör frá stofnunum með 20 til 49 starfsmenn og að lágmarki þurfa að berast 10 svör frá stofnunum með 50 eða fleiri starfsmenn til Gallup.

Þátttakendur í könnuninni eru ríkisstarfsmenn í 50% starfi eða meira frá rúmlega 200 ríkisstofnunum. Þá nær könnunin til allra félagsmanna SFR sem voru í 40% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn SFR í a.m.k. fjóra mánuði. Félagsmenn SFR starfa víða, t.d. á sjálfseignarstofnunum og stofnunum í eigu annara en ríkisins. Þessar stofnanir eru einnig með í vali á Stofnun ársins svo fremi sem þær uppfylla almenn þátttökuskilyrði. Þá geta stofnanir utan ríkisins óskað eftir þátttöku í Stofnun ársins fyrir alla starfsmenn sína. Átta slíkar stofnanir ákváðu að taka þátt. Dæmi um slíkar stofnanir eru Reykjalundur, Heilsustofnun NLFÍ og Orkubú Vestfjarða.

Nánari upplýsingar

Þátttökustofnunum gefst kostur á að fá nánari skýrslu frá Gallup með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörun. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hvorrar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við. Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Mörtu Gall Jørgensen (marta.jorgensen@gallup.is) eða Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is) hjá Gallup.

SFR stéttarfélag í almannajónustu óskar stjórnendum og starfsfólki Stofnana ársins, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

STÓRAR STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

- 1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2017**
Reykjalundur Einkunn: 4,458
- 2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2017**
Ríkisskattstjóri..... Einkunn: 4,431
- 3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2017**
Fjölbrautaskóli Suðurnesja Einkunn: 4,421

MEÐALSTÓRAR STOFNANIR (20-49 starfsmenn)

- 1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2017**
Menntaskólinn á Tröllaskaga. Einkunn: 4,669
- 2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2017**
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum..... Einkunn: 4,653
- 3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2017**
Einkaleyfastofa..... Einkunn: 4,646

MINNI STOFNANIR (færri en 20 starfsmenn)

- 1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2017**
Persónuvernd..... Einkunn: 4,716
- 2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2017**
Hljóðbókasafn Íslands..... Einkunn: 4,596
- 3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2017**
Geislavarnir ríkisins Einkunn: 4,436

HÁSTÖKKVARI

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum



HELSTU NIÐURSTÖÐUR – SFR

Stofnanir ársins eru þrjár: Reykjalundur er sigurvegari í flokki stórra stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri en Reykjalundur lenti í þriðja sæti á síðasta ári. Menntaskólinn á Tröllaskaga er stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana þar sem starfsmenn eru 20-49 talsins og er þetta þriðja árið í röð sem Menntaskólinn á Tröllaskaga sigrar í sínum flokki. Í flokki stofnana þar sem starfsmenn eru færri en 20 bar Persónuvernd sigur úr bítum.

Val á stofnun ársins fer þannig fram að valin er stofnun sem uppfyllir þátttökuskilyrði úr þremur stærðarflokkum og bera þessar þrjár stofnanir heitið Stofnun ársins. Stærðarflokkarnir eru þrír; stofnanir með færri en 20 starfsmenn, stofnanir með 20-49 starfsmenn og stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn.

Eins og sjá má er stöðugleiki í niðurstöðunum og gott samræmi frá ári til árs. Reykjalundur, sem sigraði í ár, lenti í þriðja sæti 2016 og einnig 2015. Menntaskólinn á Tröllaskaga sigrar þriðja árið í röð í sínum flokki og Persónuvernd var í þriðja sæti lítilla stofnanna fyrir tveimur árum.

TILGANGUR KÖNNUNARINNAR

Tilgangur með vali á stofnun og fyrirtæki ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Þá veitir könnunin stjórnendum tæki til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Að lokum veitir könnunin aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

FYRIRMYNDARSTOFNANIR

Í hverjum flokki hljóta efstu stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir.

Fyrirmyndarstofnanir (50 og fleiri starfsmenn):

Í flokki stærstu stofnana eru fimm fyrirmyndarstofnanir. Þær eru auk Reykjalundar, Ríkisskattstjóri (sem sigraði fyrir ári), Fjölbautaskóli Suðurnesja (sem var í öðru sæti í fyrra), Vínbúðirnar (ÁTVR) (sem voru í fjórða sæti í fyrra) og Heilsustofnun NLFÍ (sem var í sjöunda sæti fyrir ári).

1. Reykjalundur *
2. Ríkisskattstjóri
3. Fjölbautaskóli Suðurnesja
4. Vínbúðirnar (ÁTVR)
5. Heilsustofnun NLFÍ *

Fyrirmyndarstofnanir (færri en 20 starfsmenn):

Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar þrjár, þ.e. Menntaskólinn á Tröllaskaga (sem sigrar nú þriðja árið í röð), Framhaldskólinn í Vestmannaeyjum og Einkaleyfastofa (sem hefur verið í öðru sæti tvö ár í röð og sigurvegari árið þar á undan).

1. Menntaskólinn á Tröllaskaga
2. Framhaldskólinn í Vestmannaeyjum
3. Einkaleyfastofan

Fyrirmyndarstofnanir (færri en 20 starfsmenn):

Í flokki minnstu stofnananna voru fyrirmyndarstofnanirnar einnig þrjár, þ.e. Persónuvernd, Hljóðbókasafn Íslands (sem einnig lenti í öðru sæti fyrir ári) og Geislavarnir ríkisins (sem lenti í sjöunda sæti fyrir ári).

1. Persónuvernd
2. Hljóðbókasafn Íslands
3. Geislavarnir ríkisins

HÁSTÖKKVARAR

Hástökkvari könnunarinnar er Lögreglan í Vestmannaeyjum. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og þá er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Lögreglan í Vestmannaeyjum hækkar mest, eða um 50 sæti milli ára. Þá Biskupsstofa sem hækkar um 46 sæti milli ára og að lokum Fiskistofa sem hækkar um 39 sæti milli ára.

1. Lögreglan í Vestmannaeyjum
2. Biskupsstofa
3. Fiskistofa

UM KÖNNUNINA

Val á stofnun og fyrirtæki ársins er samstarfsverkefni margra aðila; SFR, St.Rv., VR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Um er að ræða eina stærstu vinnumarkaðskönnun sem unnin er hér á landi. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægan samanburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði.

SFR stéttarfélag í almannáþjónustu óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

STOFNUN ÁRSINS SFR OG RÍKIÐ

NIÐURSTÖÐUR STOFNANA Á LISTA

Meðaleinkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,97 – sem er svipað og fyrir ári en þá var hún 3,95. Heildar-einkunn hefur hækkað ár frá ári eða alls

um 0,14 stig á kvarðanum 1-5 frá árinu 2011 (sjá töflu 2).

Af þáttunum níu sem mældir voru fengust hæstu einkunnir á þáttunum „Sveigjanleiki vinnu“ (4,27) og „Sjálfstæði í starfi“ (4,27).

Lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (3,04). Þetta er í stórum dráttum sama mynstur og almennt hefur komið fram í könnuninni síðustu ár. Mestar hækkanir milli ára eru á þáttunum „launakjör“, „ímynd stofnunar“ og „jafnrétti.“

Tafla 2: Einkunnir allra þátta – allar stofnanir á lista (148 stofnanir)

Þættir	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Heildarmeðaltal	3,97	3,95	3,89	3,89	3,83	3,86	3,83
Stjórnun	3,98	3,98	3,88	3,86	3,83	3,83	3,78
Starfsandi	4,20	4,21	4,20	4,18	4,14	4,13	4,15
Launakjör	3,04	2,96	2,72	2,67	2,69	2,74	2,67
Vinnuskilyrði	3,87	3,84	3,85	3,91	3,85	3,88	3,94
Sveigjanleiki vinnu	4,27	4,26	4,25	4,25	4,20	4,18	4,09
Sjálfstæði í starfi	4,27	4,26	4,25	4,25	4,21	4,23	4,22
Ímynd stofnunar	3,81	3,76	3,75	3,79	3,75	3,76	3,76
Ánægja og stolt	4,16	4,14	4,13	4,12	4,09	4,11	4,09

STARFSFÓLK MINNI STOFNANA ÁNÆGDARA


Líkt og áður er stofnunum skipt eftir stærð þeirra, þ.e. fjölda starfsmanna. Flestar stofnanir eru í stærsta flokknum (50 starfsmenn eða fleiri), eða 76 talsins.

Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifaþáttur á liðan og viðhorf starfsfólks af nokkrum ástæðum. Samhæfing ólíkra þátta í starfseminni er til dæmis flóknari með aukinni stærð, en einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir. Horu tveggja getur haft áhrif á aðstæður og samskipti á vinnustaðnum.

Ákvarðanatataka getur þannig verið hægari í stærri stofnunum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en í minni stofnunum. Það á ekki síst við um launaákvæðanir og launasveigjanleika. Á móti kemur að stærri stofnanir hafa meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri, auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri í stærri stofnunum en minni.

Stórar stofnanir fengu lakari útkomu en minni stofnanirnar á öllum þáttum. Stórar stofnanir fá mun lægri einkunn á þættinum „launakjör“, „vinnuskilyrði“, „stjórnun“ og „sveigjanleiki vinnu.“ Minnstu munar á stórum og litlum stofnunum á þáttunum „starfsandi“, „sjálfstæði í starfi“ og „jafnrétti“ (sjá mynd 1).

Mynd 1: Einkunnir allra þátta eftir stærð stofnunar – allar stofnanir á lista (148 stofnanir)






NIÐURSTÖÐUR FÉLAGSMANNA SFR

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þróun einstakra þátta meðal félagsmanna SFR, eða tæplega 2.600 svörum. Um er að ræða svör frá félagsmönnum SFR án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki. Tölur víkja því frá niðurstöðum um allar stofnanir sem komust á lista.

STJÓRNUN

Stjórnun vegur þyngst og er mikilvægasti þátturinn í heildarmatinu á stofnun ársins. Þátturinn er byggður upp á 10 spurningum. Nokkur hækkun verður á þættinum og hækkar einkunn þáttarins um 0,08 stig milli ára. Einkunn fyrir stjórnun er nú 3,91. Einkunn hækkar á öllum spurningum en mest í spurningum sem snúa að því hvort starfsfólk sé hrósað þegar það stendur sig vel, hvatningu stjórnenda og möguleika starfsmanna til að þroska hæfileika sína, trausti til stjórnenda og hvort næsti yfirmaður virði starfsfólk mikils. Ríflega 70% félagsmanna telja að sínum vinnustað sé vel stjórnað (sjá mynd 2).




Mynd 2: Hversu vel telur þú að vinnustað þínum sé stjórnað? – SFR félagar

Stjórnun	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Kona	Karl
Aldur	Yngri en 30 ára	60 ára eða eldri
Starfsaldur	Skemur en ár	11 ár eða lengur
Starf	Stjórnendastarf	Sérhæft starfsfólk
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

STARFSANDI

Mat á starfsanda hækkar lítillega, mælist nú 4,15 en einkunnin fyrir ári var 4,11. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda, til dæmis hvort fólk komi vel saman við samstarfsfólk sitt og telji starfsanda afslappaðan og óþvingaðan. Ríflega þrið af hverjum fjórum eru sammála því að starfsandi sé afslappaður og óþvingaður (sjá mynd 3). Þá gefur mikill meirihluti svarenda starfsanda góða einkunn eða um 83% SFR félaga.

Svarendur með lágan starfsaldur eru almennt ánægðari með starfsandann á sínum vinnustað en starfsfólk með háan starfsaldur. Einkunn fyrir starfsanda er einnig hærri meðal starfsfólks með mannaforráð og svarenda sem gegna stjórnendastörfum en annarra.



Mynd 3: „Starfsandi er venjulega afslappaður og óþvingaður“ – SFR félagar

Starfsandi	Ánægðastir	Óánægðastir
Aldur	Yngri en 30 ára	30-39 ára
Starfsaldur	Skemur en ár	8-10 ár
Starf	Stjórnendastarf	Sérhæft starfsfólk
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Innh.menn/almannatr./lánasj.
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð


LAUNAKJÖR

Einkunn fyrir þáttinn „launakjör“ stendur í stað milli ára og er 2,62. Þetta er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur/ með minnstu ánægjuna. Matið er byggt á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum. Hlutfall fólks sem gefur launakjörum góða einkunn er nú 22% en var aðeins 14% árið 2011.

Ef ánægja með launakjör er skoðuð meðal starfsstétta sést að ánægja þeirra sem gegna skrifstofustörfum og sölu- eða afgreiðslustörfum breytist minnst. Ánægja með launakjör minnkar aftur á móti mest meðal sérfræðinga með háskólamenntun, fólks í öryggis-, eftirlitsstörfum og ræstingum og skrifstofustörfum vegna afgreiðslu. Á mynd 4 má sjá mun á einkunn fyrir launakjör eftir starf flokkum.

Karlar eru ánægðari með laun sín en konur, tæpur fjórðungur karla eru ánægðir með launin en riflega þriðjungur kvenna. Ánægja kvenna með launakjör sín eykst þó lítillega meira milli ára en ánægja karla.

Ef skoðaður er munur eftir atvinnugrein sést að fólk sem starfar við verslun og þjónustu er ánægðast með launakjör sín, eða 46%. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru 10% svarenda ánægð með




Mynd 4: Einkunn fyrir launakjör (kvarði 1-5) eftir starf flokkum og árum – SFR félagar

launakjör en nærri 65% óánægð. Ánægja með launakjör hefur hækkað mest meðal fólks sem starfar við mennta- og menningarstofnanir, við löggæslu, dómstóla eða fangelsi og við innheimtu, almannatryggingar og hjá lánasjóðum. Ánægja hefur aftur á móti minnkað mest meðal fólks sem starfar við landbúnað, skógrækt og hjá orkustofnunum.

Launakjör	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Karl	Kona
Starf	Sölu- eða afgreiðslustarf	Sérfr. með háskólanám
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

VINNUSKILYRÐI

Mat þátttakenda á vinnuskilyrðum er svipað og á síðasta ári, einkunnin er nú 3,69. Ánægja með lýsingu, loftgæði og hljóðvist hækkar lítillega en ánægja með önnur vinnuskilyrði er mjög svipuð og fyrir ári síðan. Rúmlega 60% svarenda telja vinnuskilyrði sín góð en 10% segja þau slæm (sjá mynd 5). Ánægja með vinnuskilyrði hækkar jafnt eftir aldri. Einnig eru karlar almennt ánægðari með vinnuskilyrði sín en konur, starfsfólk með mannaforráð er almennt ánægðari en aðrir og starfsfólk í meðalstórum stofnunum metur vinnuskilyrði sín betri en starfsfólk mjög litilla og stórra stofnanna.




Mynd 5: Spurningar sem mynda þáttinn „Vinnuskilyrði“ – meðaleinkunn (kvarði 1-5) – SFR félagar

Vinnuskilyrði	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Karl	Kona
Aldur	60 ára eða eldri	30-39 ára
Menntun	Framh.sk. auk viðb.mennt.	Lokið háskólanámi
Starfsaldur	Skemur en ár	1-3 ár
Starf	Stjórnendastarf	Sérfr. með háskólanám
Atvinnugrein	Landb./orkustofnanir/skógrækt	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Stærð stofnunar	20-49 starfsmenn	100 eða fleiri
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

SVEIGJANLEIKI VINNU

Einkunn fyrir sveigjanleika stendur í stað og er nú 4,19. Sveigjanleiki mælist þó hærrí nú en á árum áður og sveigjanleiki vinnu hefur til að mynda hækkað um 0,16 stig síðan árið 2010. Einkunnin er samsett úr fimm spurningum. Sem dæmi þá er spurt hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf, hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímum, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort fólk geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar. Nærri níu af hverjum tíu félagsmönnum SFR eru sammála því að þeir eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf (sjá mynd 6).

Sveigjanleiki er lítið eitt meiri meðal starfsmanna í minni stofnunun en stærri. Ef horft er til ólíkra starfa eru svarendur sem gegna skrifstofustarfi ánægðastir með sveigjanleika sinn í starfi. Konur eru nokkuð ánægðari en karlar og einnig eykst ánægja eftir aldri.




Mynd 6: „Ég á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf“ - SFR félagar

Sveigjanleiki vinnu	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Kona	Karl
Aldur	60 ára eða eldri	Yngri en 30 ára
Menntun	Grsk.pr. auk viðb.mennt.	Lokið háskólanámi
Starfsaldur	11 ár eða lengur	1-3 ár
Starf	Skrifstofustarf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Innh.menn/almannatr./lánasj.	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Stærð stofnunar	20-49 starfsmenn	100 eða fleiri
Mannaforráð	Ekki með mannaforráð	Með mannaforráð

SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi hefur staðið í stað síðustu tvö ár og þátturinn fær einkunnina 4,21. Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn starfsfólki finnst það hafa yfir starfið og þau áhrif sem fólk hefur í starfinu. Nærri fjórir af hverjum fimm eru sammála því að þeir hafi mikil áhrif á það hvernig starfið er unnið (sjá mynd 7).

Sjálfstæði í starfi vex með aldri og einnig með starfsaldri, sem eðlilegt er. Sjálfstæði í starfi er meira meðal starfsfólks með mannaforráð og þeirra sem gegna stjórnendastörfum en annarra.




Mynd 7: „Þegar á heildina er lítið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið“ – SFR félagar

Sjálfstæði í starfi	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Kona	Karl
Aldur	60 ára eða eldri	30-39 ára
Menntun	Grsk.pr. auk viðb.mennt.	Lokið háskólanámi
Starfsaldur	11 ár eða lengur	1-3 ár
Starf	Stjórnendastarf	Sérfr. með háskólanám
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Stærð stofnunar	Færri en 20	100 eða fleiri
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

ÍMYND

Mat á mynd hækkar lítillega og fær þátturinn einkunnina 3,68 en fékk 3,63 í könnuninni fyrir ári. Rúm 60% telja mynd sinnar stofnunar góða. Mat á mynd er talsvert ólík eftir starfssviði stofnunarinnar. Lökust er hún meðal SFR félaga sem starfa hjá innheimtustofnunum, almannatryggingum og lánasjóðum en jákvæðust í verslun og þjónustu (sjá mynd 8). Þeir sem eru með mannaforráð meta myndina jákvæðari en starfsfólk án mannaforráða. Mat á mynd er jákvæðari hjá eldra fólki en yngra og mun jákvæðara hjá starfsfólki minni stofnana en stærri.




Mynd 8: Hlutfall svarenda sem gefur mynd mjög góða einkunn (einkunn á bilinu 4,5-5,0) – SFR félagar

Ímynd	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Karl	Kona
Aldur	60 ára eða eldri	30-39 ára
Starf	Sölu- eða afgreiðslustarf	Sérfr. með háskólanám
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Innh.menn./almannatr./lánasj.
Stærð stofnunar	Færri en 20	100 eða fleiri
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „ánægja og stolt“ hækkar frá því í síðustu könnun. Einkunnin nú er 4,06 og hefur ekki verið svo há síðan 2010. Ánægja og stolt er litið eitt mismunandi eftir starfsstéttum og atvinnugreinum. Af ólíkum starfsstéttum má sjá að ánægjan er mest meðal fólks í stjórnendastörfum og sölu- og afgreiðslustörfum. Starfsfólk með mannaforráð er ánægðara en það sem ekki hefur mannaforráð. Ánægja og stolt er meiri í minni stofnunum en þeim stærri. Ánægja og stolt fer eftir starfssviði stofnunar og er hún lökust hjá félagsmönnum SFR sem starfa hjá innheimtustofnunum, almannatryggingum og lánasjóðum en jákvæðust í verslun og þjónustu (sjá mynd 9).




Mynd 9: „Ég er stolt(ur) af stofnuninni sem ég starfa hjá“ – hlutfall svarenda sem eru mjög sammála – SFR félagar

Ánægja og stolt	Ánægðastir	Óánægðastir
Starf	Stjórnendastarf	Sérhæft starfsfólk
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Innh.menn./almannatr./lánasj.
Stærð stofnunar	Færri en 20	100 eða fleiri
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

JAFNRÉTTI

Jafnrétti kom inn sem nýr þáttur í könnuninni á síðasta ári. Þátturinn byggist á sex spurningum sem snúa að jafnrétti, bæði almennt sem og jafnrétti kynjanna. Ein spurning um fjölbreytni tilheyrir einnig þessum þætti. Einkunn fyrir jafnrétti hækkar nokkuð milli ára og er nú 4,04 en var 3,96 á síðasta ári. Mesta hækkunin verður á spurningunni um hvort karlar og konur hafi sömu tækifæri til starfsframa en nú eru tæp 73% sammála því (sjá mynd 10).

Fleiri karlar en konur telja jafnrétti vera mikið eða 85% karla á móti 77% kvenna. Karlar telja einnig frekar að kynin hafi sömu tækifæri til starfsframa, 84% karla eru sammála því að karlar og konur hafi sömu tækifæri á meðan að 71% kvenna eru sama sinnis.



Mynd 10: Spurningar sem mynda jafnréttisþáttinn – einkunnir (kvarði 1-5) samanburður milli ára – SFR félagar


Jafnrétti	Ánægðastir	Óánægðastir
Kyn	Karl	Kona
Starfsaldur	Skemur en ár	11 ár eða lengur
Starf	Sölu- eða afgreiðslustarf	Skrifstofustarf v. afgreiðslu
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla/dómstólar/fangelsi
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

MUNUR Á SVÖRUM EFTIR KYNI – allir SFR félagar

Karlar ánægðari með launin en þurfa frekar að vinna yfirvinnu en konur

Konur svara því frekar en karlar að þær beri fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar, að þær geti leitað til næsta yfirmanns, að næsti yfirmaður sjái til þess að þær hafi möguleika til að þroska hæfileika sína og að það sé skýrt til hvers hann ætlast af þeim í starfi. Þá kemur fram að konum finnst þær hafa meiri yfirsýn yfir þá þætti sem krafist er af þeim í starfi. Karlar telja sig frekar en konur þurfa að vinna yfirvinnu og þeir eru heldur ánægðari með launakjör sín og vinnuáðstöðu en konur. Hærra hlutfall karla en kvenna telur að lögð sé áhersla á jafnrétti á vinnustaðnum og að bæði karlar og konur séu í ábyrgðarstöðum. Einnig svara karlar því frekar en konur að stofnunin sem þeir starfa hjá sé talin vera mjög traust. Fleiri konur en karlar svara að auðvelt sé að samræma vinnu og fjölskyldulíf og að þær eigi auðvelt með að taka frí á þeim tíma sem hentar (sjá mynd 11).

Samanburður á svörum karla og kvenna á völdum spurningum – allir SFR félagar



HÁSTÖKKVARAR

Lögreglan í Vestmannaeyjum er sú stofnun sem bætir sig mest á milli ára og er hástökkvarinn í ár. Stofnunin hækkar um 50 sæti á heildarlista stofnana.

Topp 5 hástökkvarar	Rað-einkunn 2017	Stofnun	Rað-einkunn 2016	Hækkun á milli ára
Lögreglan í Vestmannaeyjum	84	Lögreglan í Vestmannaeyjum	34	50
Bikupsstofa	65	Biskupsstofa	19	46
Fiskistofa	70	Fiskistofa	31	39
Heilbrigðisstofnun Vesturlands **	68	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	35	33
Menntaskólinn á Egilsstöðum	82	Menntaskólinn á Egilsstöðum	50	32

SAMANBURÐUR Á MILLI STÉTTARFÉLAGA

Ef skoðuð eru svör félagsmanna St.Rv. og SFR án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki, sýnir samanburður litlar breytingar milli ára. Heildareinkunn félagsmanna St.Rv. og félagsmanna SFR hækkar þó lítillega frá því í mælingunni fyrir ári.

Samanburður milli ára á svörum annarra starfsmanna ríkis og sjálfseignarstofnanna (starfsfólk sem ekki er í St.Rv. eða SFR) sýnir á hinn bóginn lækkun frá því fyrir ári. Það skýrist meðal annars af því að fleiri stofnanir tóku þátt nú en í fyrra. Þar er mesta lækkunin í mati á launakjörum og vinnuskilyrðum milli ára.

Samanburður á niðurstöðum félagsmanna SFR og svo annars starfsfólks ríkis og sjálfseignarstofnanna sýnir að SFR félagar gefa vinnuskilyrðum og sveigjanleika vinnu mun betri einkunn en aðrir hjá ríki. Aðrir hjá ríki gefa á hinn bóginn launakjörum lítið eitt betri einkunn en félagsmenn SFR (sjá töflu 2).

Félagsmenn St.Rv. gefa starfsumhverfinu heldur hærri heildareinkunn en félagsmenn SFR. Þar munar mestu á ímynd, en félagsmenn St.Rv. eru mun ánægðari með ímynd síns vinnustaðar en félagsmenn SFR. Þá eru St.Rv. félagar mun ánægðari með stöðu jafnréttis á vinnustaðnum en félagsmenn SFR, en á hinn bóginn eru félagsmenn St.Rv. óánægðari með vinnuskilyrði sín en félagsmenn SFR.

STOFNANIR OG FYRIRTÆKI Á LISTA

Ef fyrst er skoðuð einkunn stofnana og fyrirtækja á lista má sjá að einkunn vinnustaða á einkamarkaði er almennt hærri en vinnustaða á opinberum markaði – hvort sem horft er til ríkis (SFR félagar og starfsmenn ríkisins) eða sveitarfélaga (félagsmanna St.Rv.). Þá víkja niðurstöður opinbera markaðarins verulega frá einkamarkaði á tveimur þáttum; launum og ímynd. Vinnustaðir á einkamarkaði gefa launum og ímynd mun hærri einkunn en opinberir vinnustaðir. Á hinn bóginn munar litlu á vinnustöðum á einkamarkaði og opinberum markaði þegar kemur að mati starfsmanna á jafnrétti (sjá töflu 1).

Samanburðurinn er byggður á um 7.000 svörum af einkamarkaði frá 2016, en ekki er hægt að birta nýjar niðurstöður VR félaga í þessari umfjöllun þar sem niðurstöður úr Fyrirtæki ársins verða ekki birtar fyrr en síðar í mánuðinum. Um leið og þær hafa verið gerðar opinberar munum við birta samanburð á vefum félaganna. Aðrar niðurstöður eru frá því í febrúar-mars 2017 og byggja á tæplega 10.400 svörum frá starfsmönnum ríkis og sjálfseignarstofnana og tæplega 900 svörum frá St.Rv. (sjá töflu 1).

Breytingar á niðurstöðum stofnana sem komust á lista eru annars í heildina litlar. Heildareinkunn stofnana sem komust á lista úr könnun SFR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins stendur nokkurn veginn í stað á milli ára, hún er nú 3,97 en var 3,95 á síðasta ári. Mesta hækkun má sjá á þættinum launakjör en einkunn þáttarins hækkar um 0,07 stig milli ára (sjá töflu 1).

Heildareinkunn stofnana sem komust á lista í könnun St.Rv. er einnig svipuð milli ára, hún er nú 3,96 en var 3,93 í síðustu könnun. Mest hækkun er á þættinum launakjör en einkunn þáttarins hækkar töluvert, eða um 0,15 stig milli ára (sjá töflu 1).

FÉLAGSMENN SFR OG ST.RV. OG AÐRIR STARFSMENN RÍKISINS

Ef skoðuð eru svör félagsmanna SFR og St.Rv. án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki, sýnir samanburður litlar breytingar

Tafla 1. Einkunnir allra stofnana og fyrirtækja á lista.

	VR (2016)***	St.Rv.	SFR/Ríkisstarfsmenn
Heildarmeðaltal	4,17	3,96	3,97
Stjórnun	4,18	4,04	3,98
Starfsandi	4,34	4,18	4,20
Launakjör	3,38	2,72	3,04
Vinnuskilyrði	4,01	3,68	3,87
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,18	4,27
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,24	4,27
Ímynd stofnunar	4,31	3,87	3,81
Ánægja og stolt	4,32	4,14	4,16
Jafnrétti	4,18	4,14	4,12

*Einkunnir byggjast á niðurstöðum stofnana og fyrirtækja á lista.

***Einkunnir fyrir VR eru síðan á síðasta ári (2016 könnunin) þar sem niðurstöður VR verða ekki birtar opinberlega fyrr en síðar.

milli ára. Heildareinkunn félagsmanna SFR og félagsmanna St.Rv. hækkar þó lítillega frá því í mælingunni fyrir ári.

Samanburður milli ára á svörum annarra starfsmanna ríkis og sjálfseignarstofnana (starfsfólk sem ekki er í SFR eða St.Rv.) sýnir á hinn bóginn lækkun frá því fyrir ári. Það skýrist meðal annars af því að fleiri stofnanir tóku þátt nú en í fyrra. Þar er mesta lækkunin í mati á launakjörum og vinnuskilyrðum milli ára.

Samanburður á niðurstöðum félagsmanna SFR og svo annars starfsfólks ríkis og sjálfseignarstofnana sýnir að SFR félagar gefa vinnuskilyrðum og sveigjanleika vinnu mun betri einkunn en aðrir hjá ríki. Aðrir hjá ríki gefa á hinn bóginn launakjörum lítið eitt betri einkunn en félagsmenn SFR (sjá töflu 2).

Félagsmenn St.Rv. gefa starfsumhverfinu heldur hærri heildareinkunn en félagsmenn SFR. Þar munar mestu á ímynd, en félags-

	Allir SFR félagar	Aðrir en SFR félagsmenn hjá ríki og sjálfseignarstofnunum - úr könnun SFR	Allir St.Rv. Félagar
Heildarmeðaltal	3,84	3,81	3,93
Stjórnun	3,91	3,92	4,02
Starfsandi	4,15	4,17	4,18
Launakjör	2,62	2,69	2,57
Vinnuskilyrði	3,69	3,57	3,58
Sveigjanleiki vinnu	4,19	4,01	4,13
Sjálfstæði í starfi	4,21	4,16	4,22
Ímynd stofnunar	3,68	3,60	3,89
Ánægja og stolt	4,06	4,03	4,09
Jafnrétti	4,04	4,05	4,17

Tafla 2. Einkunnir allra þátta eftir stéttarfélagum án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki.

menn St.Rv. eru mun ánægðari með ímynd síns vinnustaðar en félagsmenn SFR. Þá eru St.Rv. félagar mun ánægðari með stöðu jafnréttis á vinnustaðnum en félagsmenn SFR, en á hinn bóginn eru félagsmenn St.Rv. óánægðari með vinnuskilyrði sín en félagsmenn SFR (sjá töflu 2).

**Stofnanir með
50 starfsmenn eða fleiri**

	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2016
Meðaltal	3,870	3,89	4,15	2,85	3,74	4,13	4,20	3,70	4,07	4,07		
1. Reykjalundur *	4,458	4,52	4,71	3,51	4,21	4,50	4,55	4,86	4,79	4,43	50-59%	4,359
2. Ríkisskattstjóri	4,431	4,53	4,65	3,22	4,46	4,77	4,48	4,41	4,67	4,55	80-100%	4,409
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,421	4,44	4,59	3,51	4,26	4,27	4,70	4,47	4,73	4,72	60-69%	4,385
4. ÁTVR	4,321	4,46	4,48	3,40	4,18	4,30	4,43	4,38	4,48	4,61	50-59%	4,270
5. Heilsustofnun NLFÍ *	4,290	4,37	4,47	3,06	3,88	4,39	4,51	4,75	4,66	4,47	60-69%	4,225
6. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins *	4,269	4,48	4,67	3,24	4,49	4,69	4,49	3,73	4,52	4,03	80-100%	4,371
7. Skógrækt ríkisins	4,264	4,22	4,45	3,38	4,42	4,47	4,34	4,24	4,43	4,36	60-69%	4,284
8. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,218	4,33	4,47	3,45	4,18	3,90	4,60	3,86	4,60	4,39	60-69%	4,243
9. Lyfjastofnun	4,207	4,17	4,51	3,14	4,30	4,50	4,38	3,93	4,30	4,54	80-100%	(-)
10. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,202	4,17	4,42	3,27	4,13	3,64	4,52	4,42	4,57	4,50	35-49%	4,181
11. Íslenskar orkurannsóknir	4,160	3,85	4,36	3,41	3,92	4,50	4,24	4,40	4,37	4,49	70-79%	4,139
12. Menntaskólinn á Akureyri	4,141	4,19	4,25	3,41	3,88	4,13	4,35	4,17	4,35	4,48	60-69%	4,046
13. Menntaskólinn í Reykjavík	4,138	4,45	4,47	2,87	3,58	3,57	4,59	4,38	4,56	4,50	50-59%	4,206
14. Fiskistofa	4,106	4,11	4,19	3,19	4,31	4,35	4,41	3,67	4,25	4,39	60-69%	3,813
15. Embætti landlæknis	4,096	4,29	4,36	3,09	3,68	4,51	4,33	3,95	4,39	4,23	70-79%	3,982
16. Fjársýsla ríkisins	4,084	4,26	4,21	2,96	4,10	4,59	4,26	3,97	4,26	4,08	80-100%	3,956
17. Heilbrigðisstofnun Vesturlands **	4,078	4,13	4,68	2,52	4,16	4,22	4,50	3,93	4,53	3,92	60-69%	(-)
18. Fjármála- og efnahagsráðuneytið	4,063	4,07	4,48	3,32	3,95	4,34	4,17	3,63	4,36	4,19	60-69%	3,836
19. Fjölbrautaskóli Suðurlands	4,054	3,98	4,27	3,20	3,76	4,16	4,36	3,99	4,32	4,43	60-69%	3,946
20. Nýsköpunarmiðstöð Íslands	4,039	3,85	4,22	3,25	3,80	4,51	4,23	4,08	4,09	4,40	80-100%	4,047
21. Héraðssaksóknari	4,033	4,06	4,33	3,42	4,17	4,34	4,31	3,50	4,21	3,94	80-100%	3,830
22. Umhverfisstofnun	4,032	4,03	4,46	2,64	4,13	4,36	4,13	3,75	4,10	4,49	80-100%	4,089
23. Háskólinn á Akureyri	4,029	3,90	4,20	2,98	3,98	4,28	4,25	4,23	4,21	4,24	60-69%	4,003
24. Matís ohf *	4,015	4,03	4,36	2,67	4,13	4,36	4,01	4,27	4,11	4,08	50-59%	3,790
25. Þjóðminjasafn Íslands	4,014	4,18	4,27	2,51	4,06	4,37	4,12	4,44	4,15	3,92	60-69%	3,920
26. Sjálfsbjargarheimilið *	4,014	4,04	3,85	3,26	4,00	4,20	4,19	4,24	4,15	4,19	35-49%	4,185
27. Barnaverndarstofa	4,002	4,01	4,28	3,04	4,23	4,42	4,40	3,58	4,23	3,83	50-59%	3,906
28. Kvinnaskólinn í Reykjavík	3,998	4,11	4,29	2,91	3,28	3,38	4,49	4,60	4,52	4,28	50-59%	4,082
29. Raunvísindastofnun Háskólans	3,993	4,17	4,08	2,75	3,65	4,44	4,34	4,24	4,09	4,19	35-49%	(-)
30. Mennta- og menningarmálaráðuneytið	3,985	3,94	4,29	3,26	4,19	4,48	4,15	3,26	4,18	4,08	60-69%	3,854
31. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3,977	3,79	4,20	3,12	3,50	3,73	4,56	4,36	4,38	4,24	50-59%	3,863
32. Lögreglan á Suðurlandi	3,960	4,14	4,22	3,02	3,68	4,14	4,10	4,12	4,24	3,91	70-79%	3,810
33. Háskóli Íslands	3,935	3,94	4,18	2,63	3,75	4,18	4,20	4,28	4,14	4,10	35-49%	3,749
34. RARIK **	3,932	4,08	4,14	3,30	4,18	4,42	4,22	3,69	4,18	3,27	50-59%	3,980
35. Orkubú Vestfjarða ohf *	3,922	3,91	4,12	3,13	3,97	4,52	4,19	3,24	4,33	3,91	60-69%	3,861
36. Háskólinn á Hólum	3,921	3,75	4,02	3,02	3,48	4,37	4,35	3,90	4,06	4,45	70-79%	3,824
37. Ríkislögreglustjóri	3,909	3,98	4,25	2,86	3,48	4,06	4,07	3,97	4,13	4,29	50-59%	3,939
38. Fjármálaeftirlitið	3,878	4,04	4,20	3,36	3,73	4,37	4,07	2,72	4,03	4,25	70-79%	3,813
39. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn	3,871	3,82	3,87	2,66	3,74	4,30	4,26	4,31	3,95	4,01	60-69%	3,980
40. Hafrannsóknastofnun	3,863	3,87	4,07	2,90	3,77	4,24	4,16	3,85	4,09	3,84	50-59%	3,849
41. Veðurstofa Íslands	3,861	3,79	4,08	2,38	3,72	4,35	4,01	4,38	3,84	4,20	60-69%	3,850
42. Flensborgarskóli	3,848	3,67	4,10	2,93	3,89	3,70	4,34	3,86	3,98	4,14	60-69%	3,753
43. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	3,847	3,83	4,19	2,96	4,28	4,22	4,16	3,05	3,98	3,87	80-100%	3,722
44. Fríhöfnin **	3,845	3,64	4,15	3,05	3,46	3,94	4,34	3,85	4,15	4,12	35-49%	3,950
45. Þjóðskrá Íslands	3,841	3,77	4,30	2,72	3,56	4,49	4,14	3,66	3,86	4,11	70-79%	3,713
46. Tryggingastofnun ríkisins	3,838	4,17	4,12	2,56	3,58	4,37	4,34	3,13	4,11	4,06	70-79%	3,847
47. Samgöngustofa	3,837	3,89	4,19	2,92	3,84	4,34	4,11	3,30	3,83	4,06	60-69%	3,752
48. Heilbrigðisstofnun Norðurlands	3,831	3,83	4,18	2,90	3,70	3,93	4,04	3,82	4,02	4,00	35-49%	(-)
49. Vinnuálastofnun	3,804	3,97	4,34	2,45	3,49	4,44	4,24	3,33	4,07	3,89	80-100%	3,751
50. Verkmenntaskólinn á Akureyri	3,801	3,62	4,28	2,92	3,13	3,87	4,22	3,89	4,18	4,17	50-59%	3,763
51. Menntaskólinn við Sund	3,801	3,72	4,19	3,18	3,70	3,64	4,35	3,89	4,06	3,56	35-49%	(-)
52. Hagstofa Íslands	3,784	3,70	4,08	2,53	3,58	4,37	4,17	3,79	3,75	4,14	70-79%	3,875
53. Innanríkisráðuneytið	3,776	3,96	4,06	2,90	3,73	4,27	3,98	2,88	3,89	4,16	70-79%	3,547
54. Vegagerðin	3,764	3,63	3,98	2,96	3,89	4,27	4,17	3,27	3,92	3,86	35-49%	3,743
55. Tollstjóri	3,761	3,85	4,05	2,75	3,49	4,26	4,13	3,22	3,86	4,19	60-69%	3,662
56. Heilbrigðisstofnun Suðurlands	3,759	4,01	4,18	2,91	3,39	3,73	4,22	3,26	4,07	3,93	35-49%	(-)
57. Borgarholtsskóli	3,755	3,66	3,94	3,11	3,61	3,35	4,37	4,04	3,89	3,86	35-49%	(-)
58. Alþingi	3,746	3,80	4,08	3,10	4,01	4,15	4,03	2,33	3,93	4,13	70-79%	3,650
59. Utanríkisráðuneytið	3,735	3,82	4,12	2,77	3,82	4,17	4,10	3,06	3,94	3,77	70-79%	3,536

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir

**Stofnanir með
50 starfsmenn eða fleiri**

	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2016
Meðaltal	3,870	3,89	4,15	2,85	3,74	4,13	4,20	3,70	4,07	4,07		
60. Sinfóníuhljómsveit Íslands	3,729	3,83	3,69	2,19	3,38	2,94	4,33	4,43	4,10	4,42	50-59%	3,709
61. Héraðsdómur Reykjavíkur	3,723	3,52	3,94	2,98	3,51	4,37	4,48	2,99	4,14	3,83	70-79%	3,858
62. Landhelgisgæsla Íslands **	3,712	3,65	3,87	2,63	3,48	3,75	3,90	4,62	3,87	3,69	60-69%	3,430
63. Lögreglan á Norðurlandi eystra	3,710	3,72	4,03	2,77	3,24	4,02	4,05	3,85	3,98	3,79	60-69%	3,753
64. Sjúkratryggingar Íslands	3,697	3,91	4,09	2,60	3,54	4,36	4,09	2,91	3,77	3,94	80-100%	3,726
65. Matvælastofnun	3,695	3,70	4,16	2,65	4,02	4,08	3,81	2,61	3,70	4,26	70-79%	3,738
66. Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	3,681	3,33	3,85	2,76	3,57	4,12	4,07	3,56	3,88	4,11	35-49%	3,995
67. Íbúðalánasjóður	3,663	3,58	3,80	2,64	4,08	4,26	3,90	3,27	3,56	3,86	60-69%	3,815
68. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins **	3,661	3,92	4,08	1,97	3,37	4,22	4,13	3,41	3,86	3,89	50-59%	3,545
69. Fjölbautaskólinn í Breiðholti	3,659	3,57	4,11	2,87	3,12	3,07	4,29	3,82	4,03	4,01	50-59%	3,737
70. Isavia ohf **	3,651	3,68	3,99	2,76	3,27	3,81	4,00	3,36	3,88	4,05	35-49%	3,545
71. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	3,640	3,97	4,03	2,23	2,69	4,05	4,11	4,07	4,09	3,57	80-100%	3,611
72. SÁÁ **	3,637	3,36	3,58	2,46	4,05	3,42	4,02	4,13	3,78	3,90	35-49%	3,656
73. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	3,634	3,66	3,67	2,81	3,72	3,83	4,12	3,30	3,78	3,80	35-49%	(-)
74. Fangelsismálastofnun ríkisins	3,632	3,75	4,21	2,60	3,47	3,87	4,01	2,78	3,95	3,90	60-69%	3,625
75. Menntamálastofnun	3,627	3,67	3,87	3,15	3,26	4,44	4,15	2,39	3,64	4,16	70-79%	3,516
76. Menntaskólinn í Kópavogi	3,626	3,07	3,96	2,81	3,67	3,72	4,29	3,55	3,79	3,96	60-69%	(-)
77. Hrafnista **	3,615	3,68	4,07	2,42	3,35	3,74	3,95	3,76	3,93	3,60	35-49%	3,844
78. Landbúnaðarháskóli Íslands	3,590	3,42	3,76	2,33	3,83	4,19	3,94	3,24	3,67	3,93	70-79%	3,665
79. Útlendingastofnun	3,582	4,04	4,28	2,19	3,42	4,43	3,97	1,84	3,97	3,86	70-79%	3,831
80. Vinnueftirlit ríkisins	3,581	3,53	3,82	2,29	3,49	4,19	4,11	3,37	3,65	3,85	80-100%	3,537
81. Velferðarráðuneytið	3,573	3,56	3,97	2,52	3,29	4,23	3,98	2,70	3,84	4,05	60-69%	3,725
82. Landspítali	3,555	3,85	4,09	2,05	3,12	3,68	4,03	3,25	3,83	3,90	50-59%	(-)
83. Lögreglan á Suðurnesjum	3,457	3,60	3,81	2,42	2,71	3,87	3,80	3,71	3,63	3,62	50-59%	3,589
84. Fjölbautaskóli Vesturlands	3,402	3,30	3,49	2,27	3,70	3,58	4,04	3,34	3,43	3,51	60-69%	(-)
85. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	3,357	3,40	3,73	1,90	3,09	3,83	3,77	3,44	3,44	3,61	35-49%	3,184
86. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	3,196	3,05	3,75	1,86	3,52	4,16	3,78	2,43	3,14	3,20	70-79%	3,089

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir



Vinningshafar í happdrættinu

Þátttakendur í könnuninni Stofnun ársins eru jafnframt þátttakendur í happdrætti. Þeir sem svöruðu könnuninni áttu þannig möguleika á glæsilegum vinningi. Tíu manns fengu 2 bíómiða í skyndihappdrætti og auk þess voru dregnir út 7 vinningshafar úr innsendum svörum.

Gjafabréf frá Ícelandair að verðmæti 60 þús. kr.:

Aðalheiður Lisbet Gunter, Tanja Dögg Guðjónsdóttir og Sveinbjörn Guðjónsson

Gjafabréf í orlofshúsi SFR (utan úthlutunartíma):

Adda Lára Arnfinnsdóttir og Snorri S. Kristinsson

Tveir miðar á tónlistarhátíðina Airwaves:

Gunnar Elís Guðmundsson og Sædís Gísladóttir



SFR stéttarfélag óskar öllum vinningshöfum til hamingju og þakkar þátttökuna.

Stofnanir með 20 til 49 starfsmenn	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2016
1. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,669	4,82	4,78	4,21	4,48	4,63	4,75	4,63	4,89	4,75	80-100%	4,655
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,653	4,77	4,77	3,89	4,62	4,88	4,80	4,42	4,88	4,76	60-69%	4,162
3. Einkaleyfastofan	4,646	4,80	4,70	3,88	4,62	4,83	4,68	4,80	4,75	4,66	80-100%	4,517
4. Samkeppniseftirlitið	4,452	4,53	4,62	4,07	4,41	4,56	4,48	4,15	4,59	4,58	70-79%	4,441
5. Menntaskólinn að Laugarvatni	4,378	4,41	4,44	3,70	4,26	4,49	4,44	4,49	4,56	4,55	60-69%	4,299
6. Landmælingar Íslands	4,362	4,27	4,40	3,49	4,26	4,74	4,56	4,35	4,52	4,68	80-100%	4,458
7. Sýslumaðurinn á Suðurlandi	4,312	4,63	4,57	3,20	4,31	4,59	4,48	3,96	4,56	4,33	80-100%	4,061
8. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	4,293	4,45	4,52	3,53	4,21	4,62	4,51	4,12	4,28	4,35	70-79%	4,124
9. Verkmenntaskóli Austurlands	4,291	4,46	4,41	3,30	3,90	4,41	4,53	4,39	4,63	4,52	60-69%	4,289
10. Póst- og fjarskiptastofnun	4,266	4,35	4,46	3,72	3,83	4,64	4,59	4,33	4,34	4,25	80-100%	4,053
11. Menntaskólinn á Egilsstöðum	4,242	4,39	4,32	3,61	4,24	4,12	4,37	4,19	4,43	4,36	70-79%	3,920
12. Náttúrufræðistofnun Íslands	4,235	4,19	4,32	3,07	4,64	4,59	4,32	4,36	4,43	4,14	60-69%	4,127
13. Skipulagsstofnun	4,228	4,32	4,63	3,47	4,28	4,56	4,08	3,67	4,40	4,45	35-49%	4,172
14. Forsætisráðuneytið	4,214	4,27	4,47	3,74	4,43	4,38	4,28	3,79	4,45	4,05	60-69%	4,344
15. Fjölbrotaskóli Snæfellinga	4,201	4,05	4,33	3,80	4,28	4,34	4,39	4,13	4,20	4,31	60-69%	4,226
16. Framkvæmdasýsla ríkisins	4,198	4,25	4,43	2,93	4,10	4,67	4,52	3,81	4,33	4,64	80-100%	4,152
17. Byggðastofnun	4,163	4,39	4,30	3,83	3,58	4,76	4,41	3,97	4,39	3,97	80-100%	4,110
18. Umboðsmaður skuldara	4,157	4,45	4,65	3,94	4,28	4,76	4,70	2,89	4,41	3,43	70-79%	3,952
19. Þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	4,135	3,96	4,12	3,80	3,26	4,45	4,39	4,78	4,28	4,44	70-79%	4,168
20. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	4,078	3,95	4,28	3,47	3,77	4,61	4,18	4,04	4,21	4,28	80-100%	4,056
21. Landgræðsla ríkisins	4,068	4,01	4,40	3,08	3,98	4,41	4,12	4,07	4,31	4,18	70-79%	3,972
22. Bændasamtök Íslands *	4,063	4,14	4,49	3,36	4,03	4,39	4,51	3,81	4,19	3,71	70-79%	(-)
23. Biskupsstofa	4,059	4,14	4,04	3,81	3,94	4,48	4,40	3,19	4,21	4,35	80-100%	3,672
24. Ríkisendurskoðun	4,053	4,08	4,22	3,31	4,21	4,64	4,27	3,98	4,17	3,70	70-79%	3,995
25. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	4,042	3,52	4,59	3,14	4,33	3,69	4,40	4,35	4,37	4,03	60-69%	4,365
26. Framhaldsskólinn á Laugum	4,031	4,03	3,97	3,34	4,09	4,33	4,34	3,81	4,14	4,24	60-69%	4,052
27. Menntaskólinn á Ísafirði	4,025	3,71	4,13	3,49	4,10	3,92	4,26	4,00	4,44	4,20	50-59%	3,957
28. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	4,014	4,17	4,29	3,07	4,22	4,40	4,06	3,14	4,31	4,25	80-100%	3,859
29. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra *	3,976	4,07	4,26	2,74	3,01	4,35	4,38	4,60	4,37	4,13	80-100%	(-)
30. Lögreglan á Vestfjörðum	3,913	4,04	4,04	2,84	3,84	4,03	4,10	3,76	4,23	4,19	60-69%	4,051
31. Skattrannsóknarstjóri ríkisins	3,896	3,64	3,88	3,36	3,99	4,51	4,09	3,95	3,71	4,09	80-100%	4,109
32. Ríkiskaup	3,863	3,77	4,12	2,81	3,97	4,38	4,11	3,80	3,78	4,04	80-100%	3,642
33. Samskipti heyrnarláusra og heyrnarkertra	3,862	4,19	3,83	2,39	3,57	4,44	4,15	3,84	4,23	4,05	60-69%	3,991
34. Lögreglan á Austurlandi	3,851	3,85	3,89	3,32	3,86	4,15	4,24	3,62	3,64	4,13	60-69%	(-)
35. Orkustofnun	3,841	3,68	4,26	2,61	4,07	4,51	4,15	3,51	4,04	3,80	70-79%	3,856
36. Tilraunastöð HÍ að Keldum **	3,819	3,56	3,90	2,63	3,16	4,46	4,18	4,28	4,32	4,12	80-100%	3,967
37. Þjóðskjalasafn Íslands	3,817	3,90	4,00	2,65	3,60	4,35	4,19	3,96	3,92	3,85	80-100%	3,541
38. Lánasjóður íslenskra námsmanna	3,797	3,83	3,93	3,02	4,26	4,32	4,07	2,65	3,81	4,15	70-79%	3,850
39. Sýslumaðurinn á Vesturlandi	3,789	3,43	3,63	3,29	3,84	4,43	4,19	4,02	3,76	3,81	80-100%	4,126
40. Rannsóknamiðstöð Íslands	3,754	3,49	4,17	2,66	3,76	4,15	3,89	4,10	3,83	3,80	80-100%	3,815
41. Listasafn Íslands	3,740	3,67	3,87	2,45	3,68	4,28	4,09	3,62	4,08	3,96	70-79%	3,670
42. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	3,699	3,66	4,15	2,06	3,08	3,98	4,44	4,14	4,15	3,76	70-79%	3,663
43. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	3,646	3,26	3,96	2,59	3,50	4,11	4,32	3,59	3,78	3,92	80-100%	3,612
44. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	3,597	3,33	3,85	2,84	3,97	4,52	3,92	3,43	3,71	3,08	80-100%	3,589
45. Mannvirkjastofnun	3,590	3,53	3,47	3,46	3,77	4,39	3,83	2,99	3,30	3,72	80-100%	3,319

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir

Stofnanir með færri en 20 starfsmenn

	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskiyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2016
Meðaltal	4,231	4,29	4,38	3,38	4,19	4,53	4,46	4,04	4,44	4,34		
1. Persónuvernd	4,716	4,95	4,94	3,80	4,45	4,89	4,75	4,67	4,96	4,88	80-100%	(-)
2. Hljóðbókasafn Íslands	4,596	4,68	4,61	3,99	4,74	4,63	4,71	4,72	4,88	4,36	80-100%	4,653
3. Geislavarnir ríkisins	4,436	4,60	4,67	3,29	4,56	4,70	4,53	4,30	4,60	4,52	80-100%	4,300
4. Ferðamálastofa	4,431	4,72	4,93	3,39	4,12	4,73	4,42	4,22	4,63	4,52	80-100%	4,224
5. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	4,377	4,78	5,00	3,45	4,14	4,76	4,85	2,87	4,65	4,67	80-100%	4,510
6. Ríkiseignir	4,366	4,29	4,51	3,54	4,30	4,64	4,63	4,46	4,54	4,43	80-100%	4,300
7. Minjastofnun Íslands	4,332	4,47	4,76	3,27	4,13	4,68	4,39	3,91	4,55	4,66	80-100%	4,404
8. Framhaldsskólinn á Húsavík	4,322	4,48	4,50	3,64	4,32	3,94	4,91	4,13	4,72	4,19	50-59%	4,324
9. Lögreglan í Vestmannaeyjum	4,267	4,41	4,44	3,45	4,08	4,05	4,33	4,37	4,56	4,53	80-100%	3,817
10. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	4,169	4,47	4,24	3,34	4,16	4,71	4,43	3,90	4,39	3,87	70-79%	4,219
11. Ríkissaksóknari	4,144	3,87	4,00	3,72	4,14	4,16	4,38	3,86	4,46	4,72	70-79%	(-)
12. Héraðsdómur Suðurlands	4,130	4,06	4,40	3,50	4,11	4,20	4,35	3,67	4,45	4,37	80-100%	4,670
13. Jafnréttisstofa	4,047	3,96	3,72	4,11	4,26	4,83	4,00	3,30	4,13	4,21	70-79%	4,072
14. Sýslumaðurinn á Austurlandi	4,014	4,00	4,15	2,95	3,63	4,45	4,50	4,13	4,40	4,05	80-100%	3,814
15. Neytendastofa	3,996	4,02	3,96	2,31	4,37	4,42	4,07	4,17	3,91	4,54	70-79%	3,881
16. Úrskurðarnefnd velferðarmála	3,796	3,38	3,56	3,06	3,89	4,83	4,25	3,93	3,70	3,94	60-69%	(-)
17. Rekstrarfélag stjórnarráðsins	3,783	3,80	4,04	2,73	3,85	4,31	4,28	4,00	3,90	3,30	80-100%	3,915

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. ** Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir



Stofnun ársins – sérrit

Ábyrgðarmaður:

Árni Stefán Jónsson

Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



SFR stéttarfélag í almannapjónustu

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík

Sími: 525 8340 - Bréfasími: 525 8349

Netfang: sfr@sfr.is - Veffang: www.sfr.is

Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

ISSN númer I670-5874

Forsíða: PIPAR



STOFNUN
ÁRSINS
2017

